

# 281. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 20. SEPTEMBER 2018 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

---

## FUNDARGERÐ

---

- 1) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
- 2) Fjármál
  - a) Fjárlagafrumvarp 2019 og viðræður við ríkisvaldið.
  - b) Þjónustusamningur vegna Strandarkirkju.
  - c) Rammasamningsaðild kirkjusókna, erindi Ríkiskaupa.
  - d) Biskupsstofa, uppfærð rekstraráætlun 2018.
- 3) Fasteignir
  - a) Fundargerð kirkjustarfs- og fasteignahóps kirkjuráðs dags. 19. september 2018.
  - b) Laugavegur 31 og Húsfélagið Vatnsstígur 5.
  - c) Fasteignamál kirkjunnar, framtíðarskipulag.
  - d) Saurbær, málefni prestseturs.
- 4) Málefni Skálholts
  - a) Uppgjör Skálholtsbónda við fyrrum ábúanda og ábúðarmál í Skálholti.
  - b) Skálholtsdómkirkja, gluggaverkefni og viðhald kirkjunnar, stöðuskýrsla.
  - c) Málþing í Skálholti um landnytjar og framtíð búskapar.
- 5) Fundur í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar.
- 6) Leitandi.is, staða verkefnisins.
- 7) Ný prestakallaskipan, kynning.
- 8) Starfshópar kirkjuráðs.
- 9) Vefmál, kynning.
- 10) Ný persónuverndarlög, kynning.
- 11) Endurskoðun starfsreglna, kynning.
- 12) Kirkjuþing, undirbúningur við þinghald og eftirfylgni - verklagsreglur
- 13) Önnur mál.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst kl. 9:30. Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands stýrði fundi. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon,

Þá sátu fundinn undir dagskrárliðum 2. a. Magnús E. Kristjánsson forseti kirkjuþings og undir dagskrárlið 4 sr. Kristján Björnsson vígslubiskup í Skálholti og undir dagskrárlið 10 Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem persónuverndarfulltrúi biskupsstofu. Undir dagskrárlið 3. d. vék forseti kirkjuráðs sæti og við fundarstjórn tók Solveig Lára Guðmundsdóttir vígslubiskup og staðgengill biskups Íslands.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Skúli Guðmundsson lögfræðingur kirkjuráðs og kirkjuþings, Þorvaldur Víðisson biskupsritari og Guðrún Finnbjarnardóttir ritari kirkjuráðs sem ritaði fundargerð.

---

## 2. FJÁRMÁL

---

a) *Fjárlagafrumvarp 2019 og viðræður við ríkisvaldið.*

Magnús E. Kristjánsson forseti kirkjuþings kom til fundarins. Lögð fram tilkynning dómsmálaráðuneytisins um fjárveitingar skv. fjárlagafrumvarpi 2019. Einnig lagt fram minnisblað vegna fjármálaáætlunar 2019-2023.

Forseti kirkjuþings kynnti samningaviðræður við stjórnvöld um fjárhagsleg samskipti.

b) *Þjónustusamningur vegna Strandarkirkju.*

Samningurinn lagður fram. Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að ganga frá samningnum.

c) *Rammasamningsaðild kirkjusókna, erindi Ríkiskaupa.*

Erindið lagt fram og því hafnað.

d) *Biskupsstofa, uppfærð rekstraráætlun 2018.*

Áætlunin lögð fram. Rekstrarafgangur ársins verður áætlaður 31,7 m.kr.

---

## 3. FASTEIGNIR

---

a) *Fundargerð kirkjustarfs- og fasteignahóps kirkjuráðs dags. 19. september 2018.*

Fundargerðin lögð fram. Tekið fyrir 7. liður Hraungerði. Fram kom að fyrrum ábúandi hefði komið til fundarins og lagðir hefðu verið fram viðræðupunktur varðandi ábúðarlok og uppgjör vegna þess. Kirkjuráð ályktar að fela lögmanni kirkjumálasjóðs í málinu að láta reyna á hvort yfirmatinu verði unað og að koma söluferli jarðarinnar af stað. Tekinn fyrir 2. liður erindi Votlendissjóðs varðandi Kolfreyjustað. Kirkjuráð tekur vel í erindið og felur fasteignasviði að hafa samband við hlutaðeigandi aðila.

b) *Laugavegur 31 og Húsfélagið Vatnsstígur 5.*

Lögð fram drög að stefnu vegna kröfu um ógildingu á byggingarleyfi sem stefnda var veitt til að innrétta veitingastað á 1. hæð að Vatnsstíg 3.

c) *Fasteignamál kirkjunnar, framtíðarskipulag.*

Lögð fram skýrsla vinnuhóps um prestsetursjarðir frá 2014. Lagt fram til kynningar.

d) *Saurbær á Hvalfjarðarströnd, málefni prestseturs.*

Lögð fram tillaga biskups Íslands um málefni sóknarprests í Saurbæjarprestakalli. Einnig lögð fram skýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna lokaúttektar á viðgerðum á prestsbústaðnum að Saurbæ og skýrsla verkfræðistofunnar Verkís. Kirkjuráð ályktar að málið verði kannað betur.

---

#### 4. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

---

a) *Uppgjör Skálholtsbónnda við fyrrum ábúanda og ábúðarmál í Skálholti.*

Lögð fram gögn vegna málsins. Málið reifað og kirkjuráð ályktar að fela fasteignasviði og lögfræðingi kirkjumálasjóðs að fara yfir málið með það fyrir augum að finna flöt á lausn þess.

b) *Skálholtsdómkirkja, gluggaverkefni og viðhald kirkjunnar, stöðuskýrsla.*

Skýrslan lögð fram.

c) *Málþing í Skálholti um landnytjar og framtíð búskapar.*

Málið reifað. Málþingið verður haldið 23. október.

---

#### 5. FUNDUR Í SAMSTARFSNEFND ALÞINGIS OG ÞJÓÐKIRKJUNNAR

---

Fram kom að næsti fundur í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar hafi verið boðaður 9. október n.k. Framkvæmdastjóra falið að annast um samantekt dagskrár fundarins.

---

#### 6. LEITANDI.IS, STAÐA VERKEFNIS

---

Framkvæmdastjóri flutti skýrslu um stöðu verkefnisins. Kirkjuráð leggur til að tilnefndir verði tveir verkefnisstjórar til að fylgja verkefninu eftir til áramóta.

---

#### 7. NÝ PRESTAKALLASKIPAN, KYNNING

---

Lögð fram gögn um málið.

---

#### 8. STARFSHÓPAR KIRKJURÁÐS

---

Forseti lagði fram til kynningar tillögu um breytingu á skipan starfshópanna frá árinu 2007.

---

## 9. VEFMÁL, KYNNING

---

Málinu frestað til næsta fundar.

---

## 10. NÝ PERSÓNUVERNDARLÖG, KYNNING

---

Kynningin fór fram.

---

## 11. ENDURSKOÐUN STARFSREGLNA, KYNNING

---

Lögfræðingur kirkjuráðs og kirkjuþings kynnti frumvarp til starfsreglna um breytingu á ýmsum starfsreglum þjóðkirkjunnar. Málinu vísað til lagahóps kirkjuráðs.

---

## 12. KIRKJUÞING, UNDIRBÚNINGUR VIÐ ÞINGHALD OG EFTIRFYLGNI – VERKLAGSREGLURP

---

Lagt fram minnisblað um verklagsreglurnar.

---

## 13. ÖNNUR MÁL

---

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:25.

Næsti fundur er áætlaður 9. október 2018.

---

Agnes. M. Sigurðardóttir  
biskup Íslands

---

Solveig Lára Guðmundsdóttir  
vígslubiskup

---

Séra Elínborg Gísladóttir

---

Séra Gísli Gunnarsson

---

Svana Helen Björnsdóttir

---

Stefán Magnússon

---

Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs